


Alþingi
Erindi nr. P 139/2199
komudagur 3.5.2011



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 1. maí 2011
Tilvísun FLE 13-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu, 702 mál.

Með tölvupósti dags. 15. apríl s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

2 grein:

Skylða til að greiða skatta og gjöld af þeirri starfsemi sem fjallað er um í 1. gr. hvílir á þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og öðrum aðilum sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í leit, rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða og annarri afleiddri starfsemi. Skattskylda samkvæmt lögum þessum, sbr. og lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, hvílir þannig á lögaðilum, sjálfstætt starfandi mönnum og launþegum sem afla tekna við starfsemi sem fram fer á þeim svæðum sem tilgreind eru í 1. gr.

Hvernig á að skilgreina þá aðila sem koma með óbeinum hætti að þessari starfsemi eða afleiddri starfsemi. Hér er hætt á vandamálum sem upp kunna að koma varðandi túlkun á „óbeinum hætti“ annars vegar og „afleiddri starfsemi“ hins vegar. Spurning hvort þessari grein sé ekki ofaukið þar sem skattskyldir aðilar eru skilgreindir í greinum 4 og 8 vegna framleiðslugjaldsins og kolvetnisskattsins.

8 grein:

Skattskyldir leyfishafar skv. 3. gr. sem hafa tekjur af leit, rannsóknnum, vinnslu, dreifingu eða sölu á kolvetni, sem og aðrir aðilar sem hafa hlutdeild í slíkum tekjum, skulu greiða sérstakan kolvetnisskatt af skattstofni skv. 9. gr.

Í athugasemdum við þessa grein segir: *Í greininni er fjallað um skattskyldusvið sérstaks kolvetnisskatts, þ.e. hvaða aðilar eru skattskyldir og skuli greiða sérstakan kolvetnisskatt af starfsemi sinni. Það eru allir leyfishafar, sbr. 2. mgr. 3. gr. sem og aðrir aðilar sem hafa hlutdeild í slíkum tekjum. Ákvæðið tekur því t.d. til allra aðila sem starfa í tengslum við viðkomandi olíuframleiðslu og fá greitt í hlutfalli við unnið magn.*

Mun þjónustusali sem gerir samning við leyfishafa um að greiðsla fyrir þjónustuna taki mið af veltu leyfishafa, þ.a.l. falla undir lögin? Eða eingöngu sá sem gerir samning tengdan unnu magni? Eða báðir? Þetta gæti t.d. verið lögfræðipjónusta eða önnur ráðgjafarþjónusta. Varla er það tilgangur laganna að fella slíka aðila undir þau. Því vantar skýrara orðalag í greinina eða hugtakið skilgreint nánar.

Almennt um 10 grein:

Hér er fjallað um skuldir í lok reikningsárs. Eðlilegra þykir að miða við meðaltalsstöðu skulda í upphafi – og lok reikningsárs.

Almennt séð er of mikið um huglæga mælikvarða að ræða, sem skapað getur vandræði við ákvörðun skattstofna og einnig fyrir eftirlitsaðila að sannreyna hvort skattstofninn sé í samræmi við þessi tilteknu lög, eða ekki. Það getur leitt til þess að of mörg mál þurfi endanlega að fara fyrir dómstóla.

Dæmi:

a) Sérstök meðhöndlun fjármagnskostnaðar "Falli slíkur fjármagnskostnaður til við öflun annarra eigna en þeirra sem nýttar eru í hinni leyfisskyldu starfsemi". Ef félag er fjármagnað með eigin fé jafnt sem lánsfé, er engin leið að skera úr um það hvor fjármögnunarpátturinn sé vegna "annarra eigna".

b) Talað er um "eðlilegar" afskriftir og vexti án þess að skilgreina neitt frekar.

c) Leiga á búnaði af tengdum aðila. Erfitt að upplýsa um kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir þess búnaðar þannig að skattyfirvöld séu sátt.

d) Vátryggingagjöld, dreifingarkostnaður og hvers kyns þjónustugjöld til tengdra aðila. Hvernig á að sýna fram á með "fullnægjandi hætti að þau séu ekki hærrí en gerist í viðskiptum ótengdra aðila" ?

e) Talað um að hægt sé að fresta 20% af tekjum næsta árs á undan lokaári.

Nefndin telur að það sé ekki alltaf alveg ljóst þegar verið er að klára skattframtal næstsíðasta árs, hvort næsta ár á eftir sé "Lokaár".


Almennt um 10 og 11 grein:

Hér er minnst á tengda aðila. Það væri til bóta og drægi úr óvissu að skilgreining á tengdum aðilum kæmi fram í 3 grein.

Almennt um 18 grein:

Hér kemur fyrir hugtakið „skattalegu bókfærðu verði heildareigna“ Margoft hefur komið fram að ekki er til skilgreining á þessu hugtaki í lögum og ekki kemur fram, hvorki í athugasemdum með frumvarpinu né athugasemdum með nógildandi lögum, hver ástæða þessa ákvæðis er. Mun nær væri að hafa viðmiðunina einfaldlega heildareignir samkvæmt ársreikningi. Eðlilegt er að leyfisskyldum aðilum sé gert skylt að hafa endurskoðaða ársreikninga og ef tilgangurinn er sá að arðsgreiðslur veiki ekki fjárhagsstöðu fyrirtækisins um of, þá er ársreikningurinn eðlilegt viðmið í þeim efnum en ekki óskilgreint hugtak um skattalegt bókfært verð.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE